

# Ársskýrsla 2012

AUÐHUMLA

AUÐHUMLA

## Efnisyfirlit


Ávarp stjórnarformanns ........ 2
Skýrsla forstjóra ........ 3
Fulltrúar deilda ........ 4
Stjórn Auðhumlu ........ 5
Verðlaunahafar ........ 6
Mjólkursamsalan ehf. ........ 7
Tölulegar upplýsingar ........ 8
Ársreikningur samstæðu 2012 ........ 11
Áritun óháðra endurskoðenda ........ 13
Skýrsla stjórnar ........ 14
Rekstrarreikningur ársins 2012 ........ 15
Efnahagsreikningur ........ 16
Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2012 ........ 18
Skýringar ........ 19





Útgefandi: Auðhumla, Austurvegi 65, 800 Selfoss
Hönnun og umbrot: Auglýsingastofa Þórhildar ehf.
Ljósmyndir: Þorsteinn Jónsson, Þórhildur Jónsdóttir
Ljósmynd af stjórnarformanni: Kristján Maack
Ljósmyndir af stjórn Auðhumlu og stjórn MS: Kristján Pétur Guðnason
Ljósmyndir af verðlaunahöfum: Guðmundur Geir Gunnarsson, Kristín Halldórsdóttir og Lúðvík Hermannsson
Prentun: Prentmet

# Ávarp stjórnarformanns

Egill Sigurðsson



**Fimm ára samfelldur bati í rekstri**

Árið 2012 varð 442 milljóna króna hagnaður af starfsemi Auðhumlu svf. en árið 2011 varð hagnaður að fjárhæð 234 milljónir króna. Á fimm ára tímabili frá árinu 2008 hefur afkoma félagsins batnað um liðlega 1,2 milljarða króna. Þessi rekstrarbati byggir umfram allt á hagræðingu í rekstri Mjólkursamsölunnar ehf., dótturfélags Auðhumlu. Hann er eigendum fyrirtækisins, íslenskum kúabændum, afar mikilvægur því á heilbrigðri starfsemi þessara fyrirtækja byggja þeir lífsafkomu sína. Hagræðing í mjólkuriðnaði hefur einnig reynst íslenskum neytendum mikilvæg. Hún hefur í raun hlíft þeim við þeim gríðarlegu verðhækkunum sem orðið hafa á öllum aðföngum mjólkurframleiðenda og mjólkurvinnslufyrirtækja. Með þessum aðgerðum hefur árskostnaður í íslenskum mjólkuriðnaði verið lækkaður um að minnsta kosti tvo milljarða króna á verðlagi árs 2012.

Mjólkursamsalan, dótturfélag Auðhumlu, skilaði 290 milljóna króna hagnaði 2012 en 199 milljóna króna hagnaði árið 2011.

Fjárfestingar á árinu umfram seldar eignir námu hér um bil 1.730 milljónum króna. Þar er fyrst og fremst um að ræða fjárfestingar í nýjum framleiðslutækjum Mjólkursamsölunnar á Akureyri, Selfossi og í Reykjavík sem gert er ráð fyrir að nemi um tveimur milljörðum króna á árunum 2012 og 2013. Félagið hefur þegar greitt fyrir helming þessara fjárfestinga og gert er ráð fyrir að þær verði að fullu greiddar út úr rekstri Mjólkursamsölunnar á næstu tveimur árum. Heildareignir Auðhumlu í árslok nema 12.730 milljónum króna og er eiginfjárhlutfallið 54,8%.

Fjárfestingar árið 2012 og 2013 marka lokaskref í endurnýjun og endurskipulagningu mjólkuriðnaðar á Íslandi sem hófst með stofnun Mjólkursamsölunnar árið 2007. Þegar þessum síðasta kafla lýkur verða heildarfjárfestingar á sex ára starfstíma fyrirtækisins um 4,8 milljarðar króna. Það var mikið lán fyrir bændur og samfélagið allt að endurskipulagning mjólkuriðnaðar, einnar mikilvægustu greinar matvælaiðnaðar á Íslandi, hófst fyrir hrun. Stefnan var mótuð og mikilvæg skref þegar stigin þegar hamfarir gengu yfir efnahagslífið. Innan við ári eftir hrunið sáust þegar mjög mikil batamerki í starfsemi Mjólkursamsölunnar og Auðhumlu og sú þróun hefur haldið áfram. Samræmd stefna og stjórnun hefur gert fyrirtækinu fært að fjármagna nauðsynlegar fjárfestingar sem hafa svo aftur orðið grundvöllur enn frekari hagræðingar. Allt þetta hefði orðið mun þyngra í framkvæmd og sumt jafnvel óframkvæmanlegt hefði þessi vinna ekki verið komin á skrið tveimur árum fyrir hrunið.

Frá því að Mjólkursamsalan var stofnuð í núverandi mynd 1. janúar 2007 hefur lágmarksverð á mjólk til framleiðenda hækkað um 70%. Það jafngildir hækkun á verðlagsgrundvelli kúabús á sama tímabili. Heildsöluverð á markaði ákvarðað af verðlagsnefnd hefur á sama tíma hækkað umtalsvert minna eða um liðlega 55%. Þetta svigrúm til hráefnisverðhækkana umfram markaðsverðhækkanir hefur verið skapað með stöðugri hagræðingu í starfseminni. Þessi hagræðing leiddi einnig til þess að tókst að snúa rekstri fyrirtækisins úr tapi í hagnað. Svigrúm til að halda áfram á þessari braut er nú orðið mjög takmarkað. Stærstu tækifæri til umtalsverðrar lækkunar kostnaðar hafa þegar verið nýtt.

Á árunum 2011 og 2012 tók stjórn Mjólkursamsölunnar ákvarðanir um lokaskref breytinga á vinnsluskipulagi í landinu. Það felur í sér að öll mjólkurpökkun á sunnanverðu landinu færist til Selfoss. Þangað flyst einnig nær öll framleiðsla á sýrðum vörum. Selfossbúið verður þar með orðið langmikilvægasta ferskvörubú á landinu og vinnur árlega úr um 60 milljónum lítra af mjólk sem er um helmingur landsframleiðslunnar.

Á Akureyri verður sett upp ný ostaframleiðslulína til að sinna innanlandsmarkaði. Hún verður jafnframt öryggisventill í framleiðslukerfinu. Fram til þessa hefur umframmjólk fyrst og fremst verið tappað af kerfinu í gegnum duftframleiðslu á Selfossi. Nú verður einnig mögulegt að vinna slíka mjólk í osta á Akureyri með hagkvæmari hætti. Frá Akureyri flyst framleiðsla á sýrðum vörum á borð við skyr en þangað flyst framleiðsla á ýmsum sérvörum á borð við ostakökur, rjómaost, grjónagraut og fleira.

Í Reykjavík verður hætt mjólkurvinnslu og mjólkurpökkun. Stöðin í Reykjavík verður í framtíðinni birgðastöð fyrir vinnslustöðvar á landsbyggðinni og dreifimiðstöð fyrir 80% markaðarins á sunnan- og vestanverðu landinu.

Í árslok 2013 verða fjórar vinnslustöðvar starfræktar á vegum Mjólkursamsölunnar og ein á vegum Kaupfélags Skagfirðinga í samstarfi við MS.

Markaður fyrir íslenskar mjólkurvörur styrktist á árinu og greiðslumark 2013 var aukið í 116 milljónir lítra. Á árinu 2012 voru mjólkurvörur hækkaðar í verði í júlí þegar heildsöluverð ákveðið af verðlagsnefnd búvöru hækkaði um 4%. Mjólkurverð til bænda hækkaði þá um 3,6%.

Segja má að starfsemi í íslenskum kúabúskap hvíli á þremur meginstoðum. Í fyrsta lagi á samningi bænda við stjórnvöld um trygga matvælaframleiðslu, framleiðslustýringu og stuðningskerfi. Í öðru lagi á tollvernd sem innlend framleiðsla nýtur með sama hætti og kúabúskapur í nær öllum öðrum löndum eða ríkjasamböndum. Þriðja meginstoðin er sú trausta ímynd sem vörur bænda hafa á markaði hér og byggir á búskaparháttum, hreinleika og landsgæðum. Íslenskir bændur þurfa að vinna að því að treysta þessar stoðir allar. Nú hefur verið framlengdur um tvö ár samningur við stjórnvöld. Tollvernd hefur hins vegar haldið áfram að rýrna vegna þess að hún byggir að mestu á föstum krónutölutolli sem verðbólga á Íslandi vinnur á. Þarna er verk að vinna. Bændur hafa þegar unnið mikið starf að gæðamálum með endurnýjun tækja og búnaðar í eigin framleiðslu og mjólkurvinnslu. Hreinleikaímynd mjólkurframleiðslunnar er fjöregg þessarar atvinnugreinar. Bændur vernda þetta fjöregg með því að hafa neytendur, þarfir þeirra og skoðanir í fyrirrúmi og með því að fylgja eftir af festu stefnu um gæði og fagmennsku í öllum þáttum framleiðslunnar.

Ímynd hreinleika og ferskleika er jafnmikilvæg í sókn á erlenda markaði og á markaði hér heima. Þrjár meginástæður eru fyrir því að mikilvægt er fyrir Auðhumlu og Mjólkursamsöluna að hasla sér stærri völl á alþjóðlegum markaði. Í fyrsta lagi gefur stærri markaður færi á að nýta betur fastan kostnað og halda þannig niðri vöruverði. Í öðru lagi er framleiðsla umfram grundvallarþarfir markaðarins hér mikilvæg til að tryggja öruggt framboð á öllum tímum. Í þriðja lagi gefur útflutningur á sérvöru á borð við skyr færi á að styrkja rekstur fyrirtækisins og þar með skilaverð til framleiðenda fyrir útflutningsmjólk.

Um þessar mundir er unnið að tilraunum til að fá aukinn kvóta Evrópusambandsins fyrir skyrinnflutning frá Íslandi. Jafnframt er unnið að nýrri stefnumótun um útflutning til Bandaríkjanna. Þar skapa lægri tollar möguleika á að auka sölu en þar hefur félagið þurft að reiða sig á dýra flugflutninga til að koma vörum á markað.

Meginhlutverk Auðhumlu er þríþætt. Í fyrsta lagi að selja hámarksmagn af framleiðslu kúabænda. Í öðru lagi að tryggja þeim hámarksverð fyrir framleiðsluna og í þriðja lagi að jafna aðstöðu þeirra á markaði, fyrst og fremst með jöfnun flutningskostnaðar. Þetta verða áfram meginstefin í starfsemi félagsins. Til að ná þessu fram mun fyrirtækið áfram leita ítrustu hagræðingar í starfseminni, halda úti öflugri vöruþróun sem skapar neytendum jafnt grundvallarvörur á góðu verði og verðmætar sérvörur af ýmsu tagi, leita nýrra markaða fyrir fyrsta flokks framleiðslu og standa vörð um umgjörð kúabúskapar og mjólkurvinnslu.

Ég þakka viðskiptavinum fyrir það traust sem þeir hafa sýnt íslenskum bændum og fyrirtækjum þeirra á árinu. Ég þakka starfsfólki Mjólkursamsölunnar og Auðhumlu fyrir gott og árangursríkt starf á árinu. Loks þakka ég bændum, eigendum fyrirtækjanna, fyrir traust samstarf og stuðning við stefnu og starf Auðhumlu á árinu.

# Skýrsla forstjóra

Einar Sigurðsson



**Aukin áhersla á vöruþróun og sókn á nýja markaði**

Mikil umskipti hafa orðið í starfsemi Auðhumlu svf. og dótturfélagsins Mjólkursamsölunnar ehf. frá ársbyrjun 2007 þegar félögin hófu starfsemi í núverandi mynd. Afkoman hefur batnað verulega, öll framleiðsla mjólkurafurða í landinu hefur verið endurskipulögð, allt kerfi mjólkursöfnunar og dreifingar hefur sömuleiðis verið endurskipulagt. Allt sölu- og markaðskerfi og öll stjórnsýsla hefur verið færð í nýtt og hagkvæmara horf. Árið 2012 varð 442 milljóna króna hagnaður af starfsemi Auðhumlu sem grundvallaðist á 290 milljóna króna hagnaði Mjólkursamsölunnar og 150 milljóna króna hagnaði af starfsemi móðurfélagsins.

Hagnaður í samstæðureikningi Auðhumlu fyrir afskriftir og fjármagnsliði varð 1.252 milljónir króna en var 978 milljónir króna árið áður. Hagnaður fyrir skatta nam 544 milljónum króna sem var um 250 milljónum króna betri niðurstaða en á fyrra ári. Hagnaður Auðhumlu er liðlega 2% af veltu. Þó að mikilvægur viðsnúningur hafi orðið í rekstri félagsins er talið nauðsynlegt að vinna að því áfram að styrkja afkomuna þar sem ekki er mikið borð fyrir báru.

Hagnaður Mjólkursamsölunnar, dótturfélagsins sem myndar uppistöðuna í reikningi Auðhumlu, er 290 milljónir króna á árinu. Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnskostnað af starfseminni var 897 milljónir króna og hefur aukist um 154 milljónir króna. Hagnaður Mjólkursamsölunnar fyrir skatta varð 363 milljónir króna og eykst um 115 milljónir króna.

Gert er ráð fyrir að afkoma Mjólkursamsölunnar og Auðhumlu árið 2013 verði á svipuðum nótum og árið 2012 og rekstur á fyrsta ársfjórðungi virðist ganga eftir áætlunum. Félagið gerir ráð fyrir að miklar fjárfestingar 2012 og 2013 skili rekstrarhagræðingu í starfseminni þegar á árinu 2014.

Tekjumyndun í mjólkuriðnaði hefur verið mjög stöðug og sterk á undanförnum árum. Ekki varð sami samdráttur í sölu mjólkurvara og annarra matvæla eftir bankahrunið. Árið 2012 jókst sala mjólkurafurða frá fyrra ári og var umfram markmið ársins. Því er greiðslumark hækkað árið 2013. Heildarsala 2012 nam um 20,6 milljörðum króna en var 19,4 milljarðar króna árið áður. Árið 2012 heimilaði verðlagsnefnd búvöru 4% verðhækkun á markaði 1. júlí og jafnframt hækkaði lágmarksverð til framleiðenda um 3,6%. Markaðstekjur Mjólkursamsölunnar hækkuðu hins vegar um 6% á árinu. Til viðbótar þessum verðhækkunum kom sala á birgðum og sala á verðmeiri vörum. Vegna birgðasölu minnkaði hlutdeild framleiðenda í markaðstekjum en hafði aukist á fyrra ári.

Um 80% af mjólkurframleiðslu bænda fyrir innanlandsmarkað fer til framleiðslu á ostum, drykkjarmjólk og mjólkurdufti og undanrennudufti. Árið 2012 var áframhaldandi vöxtur í sölu osta um sem nam 2,6% en áfram dró saman í sölu drykkjarmjólkur og annarra drykkjarvara um 3%. Fjárfestingar í nýjum tækjum til mjólkurpökkunar í handhægari umbúðir eru hluti af viðleitni félagsins til að hægja á þessum samdrætti í mjólkurdrykkju. Annar liður í þeirri viðleitni er þróun á nýjum drykkjarvörum. Þar má nefna D vítamínbætta Léttmjólk og Fjörmjólk sem þegar hafa verið settar á markað í handhægum umbúðum með skrúfuðum tappa. Í mars 2013 kom á markað súkkulaðimjólk í hálfs lítra umbúðum með tappa og von er á laktósafrírri mjólk og annarri bragðbættri mjólk í handhægum neysluumbúðum. Jafnframt er unnið að vöru- og umbúðaþróun í ostaframleiðslu. Þá má nefna að félagið vinnur að því markvisst að nýta til fulls allt hráefni sem keypt er til vinnslunnar. Um áratuga skeið var mysa frá ostagerð til lítils nýt og tugir milljóna lítra fóru forgörðum á hverju ári. Nú þegar hefur náðst mjög mikill árangur í að nýta holl og verðmæt mysuprótein til framleiðslu á mjólkurvörum. Um þessar mundir er unnið að tilraunum til að nýta mjólkursykur, sem nú er eina ónýtta þurrefni sem fellur til við ostagerð, til þess að framleiða eldsneyti eða iðnaðarspíritus. Þessar tilraunir eru á frumstigi en heppnist þær er veruleg ábatavon af framleiðslunni.

Afkomubati Mjólkursamsölunnar og Auðhumlu og greiðslur fyrir hráefni umfram verðlagshækkanir á markaði hafa fyrst og fremst byggt á kostnaðarhagræðingu undanfarin ár. Eins og fram hefur komið hafa flest stærri tækifæri til sparnaðar og hagræðingar í rekstri þegar verið nýtt. Félagið verður því í auknum mæli að byggja á sókn á stærri markað og á þróun á verðmætari vörutegundum til að styrkja afkomu sína og greiðslugetu.

Í hagræðingarvinnu undanfarinna ára hafa stjórnendur Mjólkursamsölunnar unnið með það markmið að lágmarksafkoma félagsins fyrir afskriftir (EBITDA) væri um 900 milljónir króna. Félagið hefur nú sett sér nýtt markmið um að þessi afkoma verði til lengri tíma um 1.200 - 1.300 milljónir króna. Fyrirtækið þarf að geta endurnýjað starfsemi sína, mætt sveiflum sem óhjákvæmilega verða á markaði, stundað öfluga vöruþróun og aukið getu sína til markaðsstarfs heima og heiman og verið bændum þannig það öfluga tæki sem þeir þurfa til að tryggja sölu á framleiðslu sinni á viðunandi verði.

Á árinu 2012 var mjólkurframleiðsla umfram greiðslumark liðlega 10 milljónir lítra. Það skiptir miklu fyrir mjólkuriðnaðinn að hluti bænda er reiðubúinn að framleiða umfram þörf innanlandsmarkaðar þar sem sú framleiðsla skapar rekstraröryggi og hægt er að grípa til hennar á innanlandsmarkaði ef áföll verða í búrekstri á einstaka landsvæðum. Þessi umframframleiðsla er lögum samkvæmt flutt úr landi og mest af henni fer út sem duft og smjör til iðnaðarframleiðslu. Verð á alþjóðamarkaði hefur hækkað töluvert frá því á miðjum síðasta áratug en á móti hefur tilkostnaður bænda við framleiðsluna aukist mjög mikið. Mjólkursamsalan hefur því haft það meginmarkmið að auka útflutning á skyri til að tryggja bændum hærra skilaverð fyrir útflutningsmjólk. Vegna líftíma vörunnar er heppilegast að flytja hana til nærmarkaða í Evrópu og Ameríku. Þar virðist vera markaður fyrir gæðamjólkurvörur sem innihalda mikið prótein. Íslendingar hafa einungis 390 tonna kvóta til að selja skyr á markaði Evrópusambandslanda. Hann er þegar fullnýttur og leitað hefur verið eftir að auka hann. Í Bandaríkjunum er tollaumhverfi vinsamlegra en þar er nauðsynlegt að byggja upp öflugra sölu- og markaðsstarf með tilheyrandi tilkostnaði ef á að auka útflutning þangað. Gert er ráð fyrir að vinna þessi mál til niðurstöðu á árinu 2013.

Mjólkursamsalan hefur nýtt meðbyr á markaði í Evrópu fyrir skyr og einnig þar sem félagið á þess ekki kost að flytja út eigin framleiðslu vegna tollatakmarkana. Í þremur löndum Skandinavíu hefur félagið selt leyfi til framleiðslu eftir uppskriftum Mjólkursamsölunnar og aðgang að tækniþekkingu og markaðsstarfi fyrirtækisins. Þessir samningar tryggja félaginu og eigendum þess góðan ábata af skyrsölu á þessum markaði. Í heild er áætluð skyrsala á Norðurlöndunum árið 2013 um 23 milljónir eininga sem er tvöföld salan á Íslandi. Þetta er skyr, sem framleitt er hér heima og flutt út til Finnlands, og skyr sem framleitt er með leyfissamningum fyrir markað í Noregi, Svíþjóð og Danmörku. Náist viðunandi samningar við Evrópusambandið um aukinn innflutningskvóta væri hægt að auka hlutdeild íslenskrar framleiðslu í þessari sölu og sækja á nýja markaði í Evrópu.

Afurðafyrirtæki kúabænda standa nú á tímamótum. Á þessu ári má segja að ljúki stærstu þáttunum í endurskipulagningu greinarinnar sem skilað hafa jafnmiklum árangri og raun ber vitni í þágu bænda og neytenda. Með nýju og hagkvæmara framleiðsluskipulagi og endurnýjuðum tækjum eru fyrirtæki mjólkuriðnaðarins vel í stakk búin að fást við verkefni næstu ára. Á þessum grundvelli munu Auðhumla og Mjólkursamsalan leggja mikla áherslu á áframhaldandi öfluga vöruþróun til að þjóna breyttri samfélagsmynd og svara nýjum kröfum markaðarins. Félagið á sér langa og merkilega sögu og hefð á sviði vöruþróunar. Hún byggir umfram allt á þekkingu og metnaði starfsfólks á öllum sviðum og hún byggir á framfarasýn þeirra sem valist hafa til forystu í þessari atvinnugrein á undanförnum áratugum. Þessi stöðuga viðleitni til að gera betur og þjóna öllum þörfum markaðarins hefur átt drjúgan þátt í að skapa íslenskum mjólkurafurðum og Mjólkursamsölunni sérstakan sess í hugum neytenda. Okkar hlutverk nú er að festa félagið í þessum sessi.

Ég þakka stjórn félagsins, félagsmönnum og öllu samstarfsfólki fyrir traust og gott samstarf á nýliðnu rekstrarári.

# Fulltrúar deilda Auðhumlu

## á aðalfundi 12. apríl 2013

**Austurlandsdeild**

| | | |
|---|---|---|
| Aðalfulltr.: | Gunnar Jónsson | Egilsstöðum |
| | Halldór Sigurðsson | Hjartarstöðum 1 |
| | Jón Steinar Elísson | Hallfreðarstöðum 2 |
| Varafulltr.: | Halldóra Andrésdóttir | Engihlíð |
| | Gunnlaugur Ingólfsson | Innri-Kleif |

**Austur-Skaftafellsdeild**

| | | |
|---|---|---|
| Aðalfulltr.: | Steinþór Torfason | Hala |
| | Sæmundur Jón Jónsson | Árbæ |
| Varafulltr.: | Eiríkur Egilsson | Seljavöllum |
| | Elín Oddleifsdóttir | Seljavöllum |

**Skaftárdeild**

| | | |
|---|---|---|
| Aðalfulltr.: | Ólafur Helgason | Hraunkoti |
| | Jóhannes Gissurarson | Herjólfsstöðum |
| | Kjartan Magnússon | Fagurhlíð |
| Varafulltr.: | Jón Jónsson | Prestsbakka |
| | Bergur Helgason | Kálfafelli |
| | Ómar Jónsson | Efri-Ey |

**Mýrdalsdeild**

| | | |
|---|---|---|
| Aðalfulltr.: | Sigurjón Eyjólfsson | Pétursey I |
| Varafulltr.: | Gunnar Valgeirsson | Norður Fossi |

**Eyjafjalladeild**

| | | |
|---|---|---|
| Aðalfulltr.: | Ármann Fannar Magnússon | Hrútafelli |
| | Sigurjón Sigurðsson | Efstu-Grund |
| Varafulltr.: | Andrés Andrésson | Dalseli |
| | Ragnar Lárusson | Stóradal |

**Landeyjadeild**

| | | |
|---|---|---|
| Aðalfulltr.: | Haraldur Konráðsson | Búðarhóli |
| | Guðbjörg Albertsdóttir | Skíðbakka 1 |
| | Sævar Einarsson | Stíflu |
| Varafulltr.: | Silja Ágústsdóttir | Hólmum |
| | Jóhanna Gunnlaugsdóttir | Stíflu |

**Fljótshlíðar-, Hvols- og Rangárvalladeild**

| | | |
|---|---|---|
| Aðalfulltr.: | Þórir Jónsson | Selalæk |
| | Birkir Arnar Tómasson | Móeiðarhvoli |
| Varafulltr.: | Guðmundur Ómar Helgason | Lambhaga |
| | Kristinn Jónsson | Staðarbakka |

**Holta-, Landmanna-, Ása- og Djúpárdeild**

| | | |
|---|---|---|
| Aðalfulltr.: | Sigurjón Hjaltason | Raftholti |
| | Hannes Ólafsson | Austvaðsholti |
| Varafulltr.: | Ágúst Sæmundsson | Bjólu |
| | Daníel Magnússon | Akbraut |

**Uppsveitadeild**

| | | |
|---|---|---|
| Aðalfulltr.: | Páll Jóhannsson | Núpstúni |
| | Óttar Bragi Þráinsson | Miklholti |
| | Jón Viðar Finnsson | Dalbæ I |
| | Eiríkur Jónsson | Gýgjarhólskoti I |
| | Sigríður Jónsdóttir | Fossi |
| | Esther Guðjónsdóttir | Sólheimum |
| Varafulltr.: | Ásmundur Lárusson | Norðurgarði |
| | Samúel U. Eyjólfsson | Bryðjuholti |
| | Georg Kjartansson | Ólafsvöllum |
| | Jórunn Svavarsdóttir | Drumboddsstöðum |
| | Sveinn Ingvarsson | Reykjahlíð |

**Flóa- og Ölfusdeild**

| | | |
|---|---|---|
| Aðalfulltr.: | María Hauksdóttir | Geirakoti |
| | Pétur Guðmundsson | Hvammi |
| | Valdimar Guðjónsson | Gaulverjabæ |
| | Aðalsteinn Sveinsson | Kolsholti |
| Varafulltr.: | Höskuldur Gunnarsson | Stóra-Ármóti |
| | Skeggi Gunnarsson | Skeggjastöðum |
| | Helgi Stefánsson | Vorsabæ |
| | Grétar Sigurjónsson | Smjördölum |

**Hvalfjarðardeild**

| | | |
|---|---|---|
| Aðalfulltr.: | Jóhanna Hreinsdóttir | Káraneskoti |
| | Haraldur Magnússon | Belgsholti |
| Varafulltr.: | Ásthildur Skjaldardóttir | Bakka |
| | Lilja Guðrún Eyþórsdóttir | Vestra-Reyni |

**Borgarfjarðardeild**

| | | |
|---|---|---|
| Aðalfulltr.: | Jón Gíslason | Lundi 1 |
| | Birna Hauksdóttir | Skáney |
| Varafulltr.: | Þorvaldur Jónsson | Brekkukoti |
| | Lárus Pétursson | Hvanneyri |

**Snæfellsnes- og Mýrasýsludeild**

| | | |
|---|---|---|
| Aðalfulltr.: | Pétur Diðriksson | Helgavatni |
| | Laufey Bjarnadóttir | Stakkhamri |
| | Jón Svavar Þórðarson | Ölkeldu III |
| | Þórir Finnsson | Hóli |
| Varafulltr.: | Guðný Jakobsdóttir | Syðri-Knarrartungu |
| | Gunnar Guðbjartsson | Hjarðarfelli |
| | Viðhjálmur Diðriksson | Helgavatni |

**Breiðafjarðardeild**

| | | |
|---|---|---|
| Aðalfulltr.: | Hörður Grímsson | Tindum |
| | Sigmundur H. Sigmundsson | Látrum |
| | Gústaf Jökull Ólafsson | Miðjanesi |
| | Þorgrímur Guðbjartsson | Erpsstöðum |
| Varafulltr.: | Bára Sigurðardóttir | Lyngbrekku |
| | Jón Egill Jóhannsson | Skerðingsstöðum |
| | Finnbogi S Kristjánsson | Breiðalæk |
| | Björn Birkisson | Botni |

# Stjórn Auðhumlu



## Starfssvæði Auðhumlu




**Formaður**
Egill Sigurðsson, Berustöðum

**Varaformaður**
Jóhannes Ævar Jónsson, Espihóli

**Ritari**
Guðrún Sigurjónsdóttir, Glitstöðum

**Meðstjórnendur**
Arnar B. Eiríksson, Gunnbjarnarholti
Birna Þorsteinsdóttir, Reykjum
Elín M. Stefánsdóttir, Fellshlíð
Jóhannes Torfason, Torfalæk II

**Varamenn**
Pétur Diðriksson, Helgavatni
Björn Harðarson, Holti
Stefán Magnússon, Fagraskógi

**Skoðunarmenn**
Eiríkur Jónsson, Gýgjarhólskoti I
Gunnar Sverrisson, Hrosshaga

**Varaskoðunarmenn**
Geir Árdal, Dæli
Magnús Hannesson, Eystri-Leirárgörðum

**Forstjóri**
Einar Sigurðsson

**Vestur-Húnaþingsdeild**

| | | |
|---|---|---|
| Aðalfulltr.: | Valgerður Kristjánsdóttir | Mýrum III |
| | Gísli G. Magnússon | Staðarbakka |
| Varafulltr.: | Ægir Jóhannesson | Jörfa |
| | Pétur H. Sigurvaldason | Neðri-Torfustsöðum |

**Austur-Húnaþingsdeild**

| | | |
|---|---|---|
| Aðalfulltr.: | Jóhannes Torfason | Torfalæk II |
| | Gróa Lárusdóttir | Brúsastöðum |
| | Jón Gíslason | Stóra-Búrfelli |
| Varafulltr.: | Jens Jónsson | Brandaskarði |
| | Linda B. Ævarsdóttir | Steinnýjarstöðum |
| | Sindri Páll Bjarnason | Neðri-Mýrum |

**Norðausturdeild**

| | | |
|---|---|---|
| Aðalfulltr.: | Sveinbjörn Sigurðsson | Búvöllum |
| | Hávar Sigtryggsson | Hriflu |
| | Aðalsteinn Hallgrímsson | Garði |
| | Elín M. Stefánsdóttir | Fellshlíð |
| | Erlingur Teitsson | Brún |
| | Geir Árdal | Dæli |
| | Gunnhildur Gylfadóttir | Steindyrum |
| | Gunnsteinn Þorgilsson | Sökku |
| | Jóhannes Ævar Jónsson | Espihóli |
| | Laufey Skúladóttir | Stóru Tjörnum |
| | Sigurgeir Pálsson | Sigtúnum |
| | Stefán Magnússon | Fagraskógi |
| | Trausti Þórisson | Hofsá |
| | Tryggvi Jóhannsson | Hvassafelli |
| Varafulltr.: | Aðalsteinn Heiðmann Hreinsson | Auðnum |
| | Helgi Þór Helgason | Bakka |
| | Gestur Jensson | Efri-Dálksstöðum |

Alls 59 fulltrúar

# Verðlaunahafar 2012



Verðlaunahafar í Rangárvallasýslu ásamt mjólkurbússtjóra MS Selfossi.



Verðlaunahafar í Flóa- og Ölfusdeild ásamt mjólkurbússtjóra MS Selfossi.



Verðlaunahafar: Hjónin í Miklagarði.



Verðlaunahafar í Uppsveitadeild ásamt mjólkurbússtjóra MS Selfossi.



Verðlaunahafar í Norðausturdeild ásamt mjólkurbússtjóra MS Akureyri.

| Innl.númer | Nafn | Heimili | Deild |
|---|---|---|---|
| 10237 | Steinþór Björnsson | Hvannabrekku | Austurlandsdeild |
| 13523 | Hestgerði ehf. | Hestgerði | Austur Skaftafellsdeild |
| 20204 | Benedikt Hans Kristjánsson | Ferjunesi | Flóa- og Ölfusdeild |
| 20216 | Félagsbúið | Kolsholti | Flóa- og Ölfusdeild |
| 20225 | Hellisbúið ehf. | Kolsholtshelli | Flóa- og Ölfusdeild |
| 20511 | Ólafur Ingi og Anna | Eyði-Sandvík | Flóa- og Ölfusdeild |
| 20608 | Samúel og Þórunn | Bryðjuholti | Uppsveitadeild |
| 20612 | Þór Bjarnar Guðnason | Kópsvatni | Uppsveitadeild |
| 20618 | Gunnar Kr. Eiríksson | Túnsbergi I | Uppsveitadeild |
| 20620 | Jón G. Eiríksson | Berghyl | Uppsveitadeild |
| 20628 | Jóhann og Ester | Sólheimum | Uppsveitadeild |
| 20676 | Gunnlaugur Magnússon | Miðfelli V | Uppsveitadeild |
| 20729 | Georg Kjartansson | Ólafsvöllum | Uppsveitadeild |
| 21515 | Ágúst Gunnarsson | Stærri Bæ | Uppsveitadeild |
| 20924 | Sigurjón Hjaltason | Raftholti | Holta-, Landm.-, Ása- og Djúpárd. |
| 20931 | Stúfholt ehf. | Stúfholti | Holta-, Landm.-, Ása- og Djúpárd. |
| 20948 | Kristinn Guðnason/Elín Guðjónsdóttir | Þverlæk | Holta-, Landm.-, Ása- og Djúpárd. |
| 22033 | Axel og Silja | Hólmum | Landeyjadeild |
| 22116 | Sigríður Valdimarsdóttir | Álfhólum | Landeyjadeild |
| 30019 | Vigfús Pétursson | Hægindi | Borgarfjarðardeild |
| 30022 | Þorvaldur Jónsson | Brekkukoti | Borgarfjarðardeild |
| 30067 | Jón Gíslason | Lundi | Borgarfjarðardeild |
| 30069 | Félagsbúið Skálpastöðum ehf. | Skálpastöðum | Borgarfjarðardeild |
| 30592 | Sigurjón Grétarsson | Furubrekku | Snæfellsnes- og Mýrasýsludeild |
| 30621 | Guðjón Jóhannesson | Syðri-Knarrartungu | Snæfellsnes- og Mýrasýsludeild |
| 33204 | Ásmundur Guðmundsson | Arkarlæk | Hvalfjarðardeild |
| 36306 | Ásthildur og Birgir | Bakka | Hvalfjarðardeild |
| 39234 | Finnbogi S. Kristjánsson | Breiðalæk | Breiðafjarðardeild |
| 40116 | Kristján Högni Jónsson | Ósi | Breiðafjarðardeild |
| 46908 | Margrét Guðbjartsdóttir | Miklagarði | Breiðafjarðardeild |
| 50580 | Friðgeir Jónasson | Blöndudalshólum | Austur-Húnaþingsdeild |
| 50850 | Auðólfstaðabúið | Auðólfsstöðum | Austur-Húnaþingsdeild |
| 52550 | Jens Jónsson | Brandaskarði | Austur-Húnaþingsdeild |
| 58206 | Halldór Pálsson | Súluvöllum ytri | Vestur-Húnaþingsdeild |
| 58347 | Loftur S. Guðjónsson | Ásbjarnarstöðum | Vestur-Húnaþingsdeild |
| 58511 | Pétur Sigurvaldason | Neðri-Torfustöðum | Vestur-Húnaþingsdeild |
| 60003 | Jóhann Tryggvason | Vöglum | Norðausturdeild |
| 60008 | Helgi Þórsson/Beate Stormo | Kristnesi | Norðausturdeild |
| 60013 | Kristín S. Hermannsdóttir | Merkigili | Norðausturdeild |
| 60019 | Félagsbúið Espihóli | Espihóli | Norðausturdeild |
| 60032 | Níels Helgason | Torfum | Norðausturdeild |
| 60047 | Jóhann H. Jónsson | Stóra Dal | Norðausturdeild |
| 60089 | Félagsbúið Villingadal | Villingadal | Norðausturdeild |
| 60093 | Hlynur Þórsson | Akri | Norðausturdeild |
| 60102 | Gamla Klauf ehf. | Klauf | Norðausturdeild |
| 60106 | Benjamín Baldursson | Ytri-Tjörnum 2 | Norðausturdeild |
| 60148 | Guðmundur Gylfi Halldórsson | Breiðabóli | Norðausturdeild |
| 60153 | Gestur Jónmundur Jensson | Efri-Dálksstöðum | Norðausturdeild |
| 60217 | Dagverðareyri ehf. | Dagverðareyri | Norðausturdeild |
| 60440 | Gunnsteinn Þorgilsson | Sökku | Norðausturdeild |
| 60490 | Sveinn Kjartan Sverrisson | Melum | Norðausturdeild |
| 60518 | Urðarbúið | Urðum | Norðausturdeild |
| 60613 | Félagsbúið Böðvarsnes | Böðvarsnesi | Norðausturdeild |
| 60615 | Karl Björnsson | Veisu | Norðausturdeild |
| 60656 | Gunnar Hallur Ingólfsson | Steinkirkju | Norðausturdeild |
| 68034 | Vogabú ehf. | Vogum | Norðausturdeild |
| 68124 | Glúmur Haraldsson | Hólum | Norðausturdeild |
| 68234 | Sveinbjörn Þór Sigurðsson | Búvöllum | Norðausturdeild |
| 68267 | Ketill Indriðason | Ytra-Fjalli | Norðausturdeild |
| 68308 | Arndísarstaðir ehf. | Arndísarstöðum | Norðausturdeild |
| 68354 | Ingvar Ketilsson | Halldórsstöðum | Norðausturdeild |
| 68400 | Ólafur Haraldsson | Fljótsbakka | Norðausturdeild |
| 68403 | Ingjaldsstaðabú ehf. | Ingjaldsstöðum | Norðausturdeild |
| 68540 | Félagsbúið Hraunkoti | Hraunkoti 1 | Norðausturdeild |
| 68568 | Sigtryggur Garðarsson | Reykjavöllum | Norðausturdeild |
| | Fjöldi: | 65 | |

Reglur um verðlaunaveitingu fyrir mjólk í 1. flokk A eru þessar: Verðlaun fá þeir innleggjendur sem lögðu inn mjólk í 1. flokki A í öllum mánuðum ársins 2012. Mörk fyrir 1. flokk A eru þau að beint meðaltal líftölu sé jafnt eða minna en 25 þús., faldmeðaltal mánaðarins á frumum sé undir 220 þús., að engar lyfjaleifar finnist í mánuðinum og faldmeðaltal frírra fitusýra sé jafnt eða minna en 1,1 mmol/l.

# Mjólkursamsalan ehf. 2012






**Stjórn félagsins skipuðu:**
Egill Sigurðsson, formaður
Þórólfur Gíslason, varaformaður (vantar á mynd)
Arnar Bjarni Eiríksson, meðstjórnandi
Guðrún Sigurjónsdóttir, meðstjórnandi
Jóhannes Ævar Jónsson, meðstjórnandi

**Varamenn:**
Birna Þorsteinsdóttir
Elín Margrét Stefánsdóttir
Jóhannes Torfason
Rögnvaldur Ólafsson

**Forstjóri:**
Einar Sigurðsson

**Endurskoðendur:**
Deloitte
Benóní Torfi Eggertsson endurskoðandi
Jón Rafn Ragnarsson endurskoðandi

**Stöðugleiki í rekstri**

Sala á vörum MS var góð á árinu 2012 þrátt fyrir erfiðar aðstæður í þjóðfélaginu. Félagið náði markmiðum sínum um tekjur og kostnað í sölu- og markaðsstarfi. Alls voru seld 9.619 tonn af birgðavörum og 49,3 milljón lítrar af ferskvörum.

Afkoma Mjólkursamsölunnar er jákvæð þriðja árið í röð og stöðugleiki kominn í reksturinn eftir tap fyrstu rekstrarárin. Félagið hagnaðist um 290 milljónir króna á árinu samanborið við 199 milljón króna hagnað árið áður. Þetta er 91 milljón króna betri árangur en árið á undan. Sölutekjur jukust um 6% á milli ára og framlegð fyrir afskriftir var 154 milljónum króna meiri en árið 2011 og skýrist það m.a. af aukinni sölu og aðeins minni hlutdeild mjólkurverðs í útsöluverði afurða. Gengi íslensku krónunnar hafði neikvæð áhrif á erlend innkaup, ásamt hækkandi orkuverði og hækkun á heimsmarkaðsverði á olíu og annarri hrávöru. Áframhaldandi hagræðing í rekstri vann þó upp þessar hækkanir og rúmlega það. Breyting á gengi íslensku krónunar hafði neikvæð áhrif á fjármagnsliði um 44 milljónir á milli áranna 2011 og 2012. Neikvæð gengisáhrif á rekstrarreikninginn í heild voru 120 milljónir króna.

Heildareignir Mjólkursamsölunnar eru 7.760 milljónir króna í árslok og er eigið fé 3.618 milljónir króna. Það samsvarar 46,6% eiginfjárhlutfalli. Eignfærðar fjárfestingar árið 2012 eru 1.760 milljónir króna og ber þar hæst endurnýjun á vélum til ostaframleiðslu á Akureyri sem áætlað er að taka í notkun um mitt ár 2013, auk fjárfestingar í framleiðslu sýrðra vara, mjólkurpökkunar og frátókubúnaðar á Selfossi sem verður komið í fulla notkun síðla sumars 2013.

Meðalfjöldi stöðugilda hjá Mjólkursamsölunni var 389 árið 2012 og er það fækkun um 5 stöðugildi frá fyrra ári. Starfsemin fer fram á 6 starfsstöðum um land allt. Hagræðing undanfarinna ára, sameining fyrirtækja, tilflutningur framleiðslulína, fækkun starfsfólks, breyting á vinnutilhögun og flutningakerfi hafa skilað félaginu mikilli kostnaðarlækkun. Fram undan er tilflutningur á allri mjólkurpökkun í Reykjavík til Selfoss og verður Reykjavík eftir það birgðastöð fyrir allt landið og pökkunarstöð fyrir ost. Hagræðing undanfarinna ára hefur byggt á vinnu, þolinmæði, frumkvæði og þátttöku alls starfsfólks. Það verðskuldar miklar þakkir.

**Sala 2012**

| Flokkur | Selt magn | Innanlands | Útflutningur |
|---|---|---|---|
| Ferskvörur | 49.303 | 48.788 | 515 |
| Viðbit | 2.445 | 1.914 | 531 |
| Ostar | 5.812 | 5.464 | 348 |
| Duft | 1.362 | 712 | 650 |

# Tölulegar upplýsingar



Ráðstöfun mjólkur hjá MS árið 2012 umreiknuð í lítra m.v. fitu




Ráðstöfun mjólkur hjá MS árið 2012 umreiknuð í lítra m.v. prótein




Ráðstöfun mjólkur hjá MS og KS árið 2012 umreiknuð í lítra m.v. fitu




Ráðstöfun mjólkur hjá MS og KS árið 2012 umreiknuð í lítra m.v. prótein




## Mjólkurinnlegg hjá Auðhumlu

| Árið | Árið | Breyting 2012-2011 | |
|---|---|---|---|
| 2012 | 2011 | Lítrar | Hlutfall |
| 9.577.948 | 9.124.520 | 453.428 | 4,97% |
| 9.490.551 | 8.855.084 | 635.467 | 7,18% |
| 10.343.656 | 10.118.478 | 225.178 | 2,23% |
| 10.056.277 | 9.850.267 | 206.010 | 2,09% |
| 10.789.180 | 10.320.885 | 468.295 | 4,54% |
| 10.197.089 | 9.860.577 | 336.512 | 3,41% |
| 9.665.157 | 9.387.485 | 277.672 | 2,96% |
| 9.037.249 | 9.439.450 | -402.201 | -4,26% |
| 7.940.676 | 8.553.174 | -612.498 | -7,16% |
| 8.588.916 | 8.484.613 | 104.303 | 1,23% |
| 8.276.323 | 8.774.535 | -498.212 | -5,68% |
| 8.898.621 | 9.360.981 | -462.360 | -4,94% |
| 112.861.643 | 112.130.049 | 731.594 | 0,65% |

## Heildarmjólkurinnlegg á landinu

| Árið | Árið | Breyting 2012-2011 | |
|---|---|---|---|
| 2012 | 2011 | Lítrar | Hlutfall |
| 10.619.580 | 10.069.268 | 550.312 | 5,47% |
| 10.523.492 | 9.789.938 | 733.554 | 7,49% |
| 11.438.806 | 11.166.407 | 272.399 | 2,44% |
| 11.122.921 | 10.883.636 | 239.285 | 2,20% |
| 11.900.299 | 11.409.345 | 490.954 | 4,30% |
| 11.266.701 | 10.934.985 | 331.716 | 3,03% |
| 10.721.463 | 10.460.623 | 260.840 | 2,49% |
| 10.038.773 | 10.553.649 | -514.876 | -4,88% |
| 8.805.758 | 9.568.699 | -762.941 | -7,97% |
| 9.557.844 | 9.492.812 | 65.032 | 0,69% |
| 9.212.834 | 9.761.469 | -548.635 | -5,62% |
| 9.884.517 | 10.371.279 | -486.762 | -4,69% |
| 125.092.988 | 124.462.110 | 630.878 | 0,51% |

# Tölulegar upplýsingar



## Fjöldi innleggjenda í deildum 2012 og 2011

| Nafn deildar | 31/12 2012 | 31/12 2011 | Mismunur |
|---|---|---|---|
| Austurlandsdeild | 26 | 26 | 0 |
| Austur-Skaftafellsdeild | 13 | 13 | 0 |
| | 39 | 39 | |
| | | | |
| Skaftárdeild | 25 | 25 | 0 |
| Mýrdalsdeild | 11 | 11 | 0 |
| Eyjafjalladeild | 21 | 21 | 0 |
| Landeyjadeild | 30 | 32 | -2 |
| Fljótshlíðar-, Hvols- og Rangárvalladeild | 18 | 19 | -1 |
| Holta-, Landmanna-, Ása- og Djúpárdeild | 19 | 19 | 0 |
| Uppsveitadeild | 72 | 72 | 0 |
| Flóa- og Ölfusdeild | 40 | 42 | -2 |
| | 236 | 241 | |
| Hvalfjarðardeild | 24 | 24 | 0 |
| Borgarfjarðardeild | 20 | 21 | -1 |
| Snæfellsnes- og Mýrasýsludeild | 42 | 41 | 1 |
| | 86 | 86 | |
| Breiðafjarðardeild | 41 | 43 | -2 |
| | | | |
| Vestur-Húnaþingsdeild | 24 | 24 | 0 |
| Austur-Húnaþingsdeild | 30 | 30 | 0 |
| Norðausturdeild | 158 | 158 | 0 |
| | 212 | 212 | |
| | | | |
| Alls Auðhumla | 614 | 621 | -7 |

## Fjöldi kúabúa miðað við greiðslumark í lok árs

| | Fjöldi kúabænda | | 2012 greiðslumark á kúabú í þús. lítrum | | | | | | 2011 greiðslumark á kúabú í þús. lítrum | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2012 | 2011 | <50 þús. | 50-100 þús. | 100-200 þús. | 200-300 þús. | >300 þús. | Meðaltal pr. kúabú | <50 þús. | 50-100 þús. | 100-200 þús. | 200-300 þús. | >300 þús. | Meðaltal pr. kúabú |
| MS Egilsstöðum | 39 | 39 | 8 | 7 | 10 | 6 | 8 | 174.406 | 7 | 8 | 10 | 6 | 8 | 175.164 |
| MS Selfossi | 238 | 243 | 15 | 41 | 95 | 59 | 28 | 180.482 | 14 | 40 | 100 | 60 | 29 | 179.737 |
| MS Reykjavík | 101 | 101 | 14 | 19 | 50 | 10 | 8 | 140.058 | 14 | 18 | 51 | 9 | 9 | 142.716 |
| MS Búðardal | 30 | 31 | 4 | 8 | 12 | 3 | 3 | 136.046 | 4 | 8 | 13 | 4 | 2 | 133.570 |
| MS Akureyri | 209 | 213 | 15 | 40 | 101 | 37 | 16 | 106.585 | 12 | 47 | 97 | 41 | 16 | 164.730 |
| Auðhumla | 617 | 627 | 56 | 115 | 268 | 115 | 63 | 161.431 | 51 | 121 | 271 | 120 | 64 | 166.108 |

# Tölulegar upplýsingar



## Fitu- og próteininnihald mjólkur eftir deildum (meðaltal)

| Heiti deildar | Meðalfita 2012 | Meðalfita 2011 | Meðalprótein 2012 | Meðalprótein 2011 |
|---|---|---|---|---|
| Austurlandsdeild | 4,12 | 4,10 | 3,32 | 3,30 |
| Austur-Skaftafellsdeild | 4,15 | 4,06 | 3,29 | 3,27 |
| | | | | |
| Skaftárdeild | 3,99 | 3,92 | 3,35 | 3,32 |
| Mýrdalsdeild | 3,98 | 3,92 | 3,26 | 3,23 |
| Eyjafjalladeild | 4,14 | 4,08 | 3,30 | 3,29 |
| Landeyjadeild | 4,13 | 4,07 | 3,31 | 3,27 |
| Fljótshlíðar-, Hvols- og Rangárvalladeild | 4,13 | 4,07 | 3,34 | 3,29 |
| Holta-, Landmanna-, Ása- og Djúpárdeild | 4,13 | 4,06 | 3,36 | 3,31 |
| Uppsveitadeild | 4,11 | 4,05 | 3,32 | 3,29 |
| Flóa- og Ölfusdeild | 4,14 | 4,09 | 3,37 | 3,33 |
| | | | | |
| Hvalfjarðardeild | 4,18 | 4,10 | 3,31 | 3,27 |
| Borgarfjarðardeild | 4,14 | 4,11 | 3,30 | 3,29 |
| Snæfellsnes- og Mýrasýsludeild | 4,13 | 4,08 | 3,30 | 3,29 |
| | | | | |
| Breiðafjarðardeild | 4,15 | 4,11 | 3,29 | 3,28 |
| | | | | |
| Vestur-Húnaþingsdeild | 4,14 | 4,11 | 3,31 | 3,31 |
| Austur-Húnaþingsdeild | 4,09 | 4,08 | 3,30 | 3,32 |
| Norðausturdeild | 4,15 | 4,10 | 3,33 | 3,31 |
| | | | | |
| Auðhumla | 4,13 | 4,08 | 3,32 | 3,30 |

## Innvigtun mjólkur innan og utan greiðslumarks verðlagsárið 2012

| Afurðastöðvar | Framleitt innan gr.marks | Framleitt umfram samning | Framleitt alls |
|---|---|---|---|
| Auðhumla svf. | 102.715.464 | 10.146.179 | 112.861.643 |
| Mjólkursamlag KS | 11.717.534 | 513.811 | 12.231.345 |
| Samtals | 114.432.998 | 10.659.990 | 125.092.988 |

Heimild: Bændasamtök Íslands og aðildarfélög SAM



# Ársreikningur samstæðu 2012

AUÐHUMLA

# Áritun óháðra endurskoðenda

## Til stjórnar og félagsaðila Auðhumlu svf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning samstæðu Auðhumlu svf. og dótturfélaga hennar fyrir árið 2012. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

**Ábyrgð stjórnar og forstjóra á ársreikningnum**

Stjórn og forstjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu samstæðuársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

**Ábyrgð endurskoðenda**

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á samstæðuársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að samstæðuársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins, sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Álit**

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðu Auðhumlu svf. og dótturfélaga hennar á árinu 2012, efnahag hennar 31. desember 2012 og breytingu á handbæru fé á árinu 2012, í samræmi við lög um ársreikninga.

Kópavogur, 25. mars 2013

**Deloitte ehf.**

| | |
|---|---|
| Benóní Torfi Eggertsson<br>endurskoðandi | Jón Rafn Ragnarsson<br>endurskoðandi |

Við undirritaðir, kjörnir skoðunarmenn Auðhumlu svf., höfum farið yfir ársreikning þennan.
Við teljum að hann sé í samræmi við ákvæði laga og samþykkta félagsins og leggjum til að hann verði samþykktur.

**Kjörnir skoðunarmenn**

| | |
|---|---|
| Gunnar Sverrisson | Eiríkur Jónsson |

# Skýrsla stjórnar

Ársreikningur samstæðu Auðhumlu svf. fyrir árið 2012 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðuársreikning Auðhumlu svf. og dótturfélaga hennar fyrir árið 2012.

Samkvæmt rekstrarreikningi nemur hagnaður ársins 442 milljónum króna. Eigið fé samstæðunnar samkvæmt efnahagsreikningi er í árslok 6.975 milljónir króna en var í ársbyrjun 6.647 milljónir króna. Á árinu störfuðu að meðaltali 389 starfsmenn hjá fyrirtækinu og dótturfélögum þess og námu heildarlaunagreiðslur 2.259 milljónum króna.

Inneign í stofnsjóði í árslok nemur kr. 2.537.165.076 og skiptist á milli 688 aðila en í upphafi árs á milli 728 aðila. Tillag ársins frá félagsaðilum nemur kr. 33.810.806 og vextir af stofnsjóði eru kr. 161.082.486 (6,7%). Úr stofnsjóði eru greiddar kr. 180.830.585.

Stjórn félagsins leggur til að hagnaður meirihlutaeigenda á árinu, kr. 412.854.927, verði færður til hækkunar á óráðstöfuðu eigin fé en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins.

Að áliti stjórnar og forstjóra Auðhumlu svf. koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu samstæðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn og forstjóri Auðhumlu svf. staðfesta hér með ársreikning samstæðu félagsins fyrir árið 2012 með undirritun sinni.

Reykjavík, 25. mars 2013

**Í stjórn**

Egill Sigurðsson
stjórnarformaður

Birna Þorsteinsdóttir — Elín M. Stefánsdóttir

Jóhannes Torfason — Arnar Bjarni Eiríksson

Guðrún Sigurjónsdóttir — Jóhannes Ævar Jónsson

**Forstjóri**

Einar Sigurðsson

# Rekstrarreikningur ársins 2012

| | Skýr. | 2012 | 2011 |
|---|---|---|---|
| Rekstrartekjur | | 20.631.522.021 | 19.446.126.318 |
| Aðrar tekjur | | 716.469.000 | 616.463.953 |
| Kostnaðarverð seldra vara | | (15.071.844.338) | (14.387.872.434) |
| Laun og annar starfsmannakostnaður | 3 | (2.764.012.314) | (2.642.322.415) |
| Annar rekstrarkostnaður | | (2.260.593.370) | (2.054.076.481) |
| **Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir** | | 1.251.540.999 | 978.318.941 |
| Afskriftir | 7 | (542.620.215) | (495.698.076) |
| **Rekstrarhagnaður** | | 708.920.784 | 482.620.865 |
| Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga | 8 | 16.403.267 | 19.984.552 |
| Fjármunatekjur | 4 | 118.984.187 | 108.067.854 |
| Fjármagnsgjöld | 5 | (299.874.893) | (316.556.355) |
| **Hagnaður fyrir skatta** | | 544.433.345 | 294.116.916 |
| Tekjuskattur | 6 | (102.613.199) | (60.099.760) |
| **Hagnaður ársins** | | 441.820.146 | 234.017.156 |
| **Skipting afkomu** | | | |
| Hagnaður minnihlutaeigenda | | 28.965.219 | 19.894.570 |
| Hagnaður Auðhumlu svf. | | 412.854.927 | 214.122.586 |

# Efnahagsreikningur

**Eignir**

| | Skýr. | 31.12.2012 | 31.12.2011 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 7 | 7.535.341.532 | 6.301.485.605 |
| Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum | 8 | 39.779.500 | 37.977.000 |
| Eignarhlutar í öðrum félögum | 8 | 337.378.086 | 342.777.321 |
| Fjárfestingarverðbréf | 12 | 21.140.000 | 79.996.158 |
| Skuldabréfaeign | 9 | 367.017.945 | 507.074.735 |
| Reiknuð skattinneign | 17 | 94.972.523 | 165.424.593 |
| | | 8.395.629.586 | 7.434.735.412 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Vörubirgðir | 10 | 1.852.801.224 | 2.069.078.990 |
| Viðskiptakröfur | 11 | 1.546.104.121 | 1.573.259.177 |
| Næsta árs afborgun skuldabréfaeignar | 9 | 184.181.820 | 146.890.060 |
| Fjárfestingarverðbréf | 12 | 3.099.216 | 64.020.264 |
| Aðrar skammtímakröfur | 11 | 225.284.064 | 198.257.425 |
| Handbært fé | 11 | 522.774.381 | 400.134.152 |
| | | 4.334.244.826 | 4.451.640.068 |
| **Eignir** | | 12.729.874.412 | 11.886.375.480 |

# 31. desember 2012

## Eigið fé og skuldir

| | Skýr. | 31.12.2012 | 31.12.2011 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | 13 | | |
| Stofnsjóður | | 2.537.165.076 | 2.523.102.369 |
| Lögbundinn varasjóður | | 233.764.402 | 192.780.071 |
| Óráðstafað eigið fé | | 3.842.243.222 | 3.599.017.128 |
| Eigið fé meirihlutaeigenda | | 6.613.172.700 | 6.314.899.568 |
| Hlutdeild minnihluta í eigin fé dótturfélaga | | 361.360.599 | 332.395.380 |
| **Eigið fé** | | 6.974.533.299 | 6.647.294.948 |
| **Langtímaskuldir og skuldbindingar** | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 14 | 1.457.112.898 | 1.454.796.836 |
| Aðrar langtímaskuldir | 14 | 389.497.698 | 448.042.971 |
| Fjármögnunarleigusamningar | 15 | 202.007.997 | 169.894.379 |
| Lífeyrisskuldbinding | 16 | 237.208.087 | 274.880.631 |
| | | 2.285.826.680 | 2.347.614.817 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Viðskiptaskuldir | 18 | 1.145.625.615 | 1.289.229.333 |
| Skuldir við lánastofnanir | 18 | 689.048.107 | 860.277.283 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 18 | 367.230.743 | 332.326.507 |
| Skuldir við erlenda birgja vegna fjárfestinga | 18 | 851.095.873 | 0 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 18 | 416.514.095 | 409.632.592 |
| | | 3.469.514.433 | 2.891.465.715 |
| **Skuldir** | | 5.755.341.113 | 5.239.080.532 |
| **Eigið fé og skuldir** | | 12.729.874.412 | 11.886.375.480 |

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2012

| | Skýr. | 2012 | 2011 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Rekstrarhagnaður | | 708.920.784 | 482.620.865 |
| Afskriftir | 7 | 542.620.215 | 495.698.076 |
| Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna | | (10.223.750) | (3.584.434) |
| Lífeyrisskuldbinding, lækkun | 16 | (37.672.544) | (50.589.659) |
| **Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta** | | 1.203.644.705 | 924.144.848 |
| Vörubirgðir, lækkun | 10 | 216.277.766 | 17.581.970 |
| Aðrar rekstrartengdar eignir, (hækkun) | | (15.527.398) | (181.424.796) |
| Rekstrartengdar skuldir, (lækkun), hækkun | | (147.881.166) | 56.030.703 |
| **Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta** | | 1.256.513.907 | 816.332.725 |
| Innborgaðir vextir og arður | | 79.714.767 | 71.178.427 |
| Greiddir vextir | | (200.843.551) | (218.318.502) |
| Greiddir skattar | | 0 | (4.997.259) |
| **Handbært fé frá rekstri** | | 1.135.385.123 | 664.195.392 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| (Fjárfest) / sala í varanlegum rekstrarfjármunum | 7/19 | (871.499.319) | (539.286.569) |
| Skuldabréfaeign, verðbréfaeign og önnur félög, breyting | | 288.321.169 | 394.683.419 |
| | | (583.178.150) | (144.603.150) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Skuldir við lánastofnanir, lækkun | | (171.229.176) | (164.726.566) |
| Nýjar langtímaskuldir | 14 | 393.989.390 | 841.234.761 |
| Afborganir langtímaskulda | 14 | (512.491.273) | (1.161.007.537) |
| Innborgað minnihlutaeigandi | 13 | 0 | 119.000.000 |
| Inntökugjöld | 13 | 276.856 | 202.715 |
| Tillag í stofnsjóð | 13 | 33.810.806 | 32.688.160 |
| Útborgun úr stofnsjóði | 13 | (180.830.585) | (159.656.310) |
| | | (436.473.982) | (492.264.778) |
| Hækkun handbærs fjár | | 115.732.991 | 27.327.464 |
| Handbært fé í upphafi árs | | 400.134.152 | 376.700.534 |
| Gengismunur erlendra innstæðna | | 6.907.238 | (3.893.846) |
| Handbært fé í lok árs | | 522.774.381 | 400.134.152 |
| **Aðrar upplýsingar** | | | |
| Veltufé frá rekstri | 22 | 1.082.515.923 | 772.007.515 |

# Skýringar

### 1. Starfsemi

Auðhumla svf. er samvinnufélag í eigu mjólkurframleiðenda á félagssvæði sínu. Félagið er samvinnufélag og starfar á grundvelli laga nr. 22/1991 um samvinnufélög.

Tilgangur félagsins skv. samþykktum er að taka á móti mjólk frá félagsmönnum, breyta henni í söluhæfa vöru, dreifa henni og selja fyrir sem best verð. Þá er félaginu heimilt að reka aðra starfsemi sem gæti dregið úr rekstrarkostnaði félagsins og verið til hagræðis og styrktar fyrir félagið og félagsaðila.

### 2. Reikningsskilaaðferðir

**Grundvöllur reikningsskilanna**
Samstæðuársreikningur Auðhumlu svf. fyrir árið 2012 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Samstæðuársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskila-aðferðum og árið áður. Samstæðuársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum samstæðunnar.

**Mat og ákvarðanir**

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

**Samstæða**
Ársreikningur samstæðunnar tekur til ársreiknings móðurfélagsins og ársreikninga félaga sem eru undir stjórn þess (dótturfélög) á reikningsskiladegi. Ráðandi yfirstjórn í fyrirtækjunum fæst með því að móðurfélagið hefur vald til þess að ákveða fjármála- og rekstrarstefnu þeirra í því skyni að hafa hag af rekstri þeirra. Ársreikningurinn er samstæðureikningur Auðhumlu svf. og dótturfélaga. Þau eru Mjólkursamsalan ehf., sem er í 90,1% eigu félagsins, Bitruháls ehf., Kostur ehf. og Grýta ehf. sem eru í 100% eigu Auðhumlu. Þessi félög hafa öll starfsemi með höndum. Þá nær reikningurinn til Mjólkurbús Flóamanna ehf. og Norðurmjólkur ehf. sem eru ekki í rekstri en í 100% eigu Auðhumlu.

Samstæðan er samin í samræmi við kaupverðsreglu og í því tilviki, sem eignarhald í dótturfélagi er minna en 100%, er færð upp hlutdeild minnihluta í eigin fé og rekstrarafkomu.

Við kaup á dótturfélögum eru eignir og skuldir þeirra metnar til gangverðs á kaupdegi. Sé kaupverð hærra en hrein eign eftir slíkt mat er mismunurinn færður sem viðskiptavild. Rekstrarniðurstaða keyptra eða seldra dótturfélaga á árinu er meðtalin í samstæðurekstrarreikningi frá og með kaupdegi eða fram að sölu-degi, eftir því sem við á.

Meðal markmiða samstæðureikningsskilanna er að birta einungis tekjur, gjöld, eignir og skuldir samstæðunnar út á við og er því viðskiptum innan hennar eytt út við gerð reikningsskilanna. Ef við á eru gerðar leiðréttingar á reikningsskilum dótturfélaga til að samræma þau við reikningsskilaaðferðir samstæðunnar.

**Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum**
Hlutdeildarfélög eru félög þar sem móðurfélagið er í aðstöðu til að hafa veruleg áhrif á stjórnun þeirra. Veruleg áhrif eru til staðar þegar félagið tekur þátt í ákvörðunum um fjármál og rekstur hlutdeildarfélaga. Samkvæmt hlutdeildaraðferð eru eignarhlutar í hlutdeildarfélögum færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til hlutdeildar í rekstri og virðisrýrnunar einstakra fjárfestinga. Tap hlutdeildarfélaga umfram hlutdeild er aðeins gjaldfært hafi félagið gengist í ábyrgð eða stofnað til skuldbindinga fyrir þeirra hönd.

**Áhættustjórnun**
Engir framvirkir gjaldeyrisskiptasamningar, valréttir eða afleiðusamningar eru við lýði hjá samstæðunni.

**Skráning tekna**
Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar eða verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi flyst yfir til kaupanda. Þjónustutekjur eru færðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afslátta.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaprósentu.

# Skýringar

Leigutekjur eru færðar línulega í rekstrarreikning á leigutímanum og arður af fjárfestingum er tekjufærður á þeim degi sem úthlutun hefur verið samþykkt.

**Leigusamningar**

Leigusamningar eru flokkaðir sem fjármögnunarleigusamningar þegar samningsskilmálar gera ráð fyrir að verulegur hluti áhættunnar og hagur af eignarréttindum sé framseldur leigukaupa. Eignir samkvæmt fjármögnunar- og kaupleigusamningum eru færðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna og afskrifaðar á líftíma þeirra. Skuldbinding við leigusala er færð til skuldar í efnahagsreikningi. Aðrir leigusamningar eru flokkaðir sem rekstrarleigusamningar og leigugreiðslur gjaldfærðar á því tímabili sem þær tilheyra.

**Erlendir gjaldmiðlar**

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur, sem myndast, er færður í rekstrarreikning.

| | Meðalgengi ársins | | Árslokagengi | |
|---|---|---|---|---|
| | 2012 | 2011 | 31.12.2012 | 31.12.2011 |
| Evra (EUR) | 161,07 | 161,87 | 170,27 | 159,28 |
| Bandaríkjadalur (USD) | 125,30 | 116,34 | 129,05 | 123,00 |
| Sterlingspund (GBP) | 198,49 | 186,46 | 208,65 | 189,89 |
| Dönsk króna (DKK) | 21,64 | 21,73 | 22,83 | 21,43 |
| Norsk króna (NOK) | 21,54 | 20,76 | 23,11 | 20,46 |
| Sænsk króna (SEK) | 18,50 | 17,93 | 19,82 | 17,84 |
| Svissneskur franki (CHF) | 133,63 | 131,56 | 141,03 | 131,02 |
| Japanskt jen (JPY) | 1,5751 | 1,4625 | 1,4996 | 1,5899 |

**Fjármagnskostnaður**

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til. [Lántökukostnaður er eignfærður og afskrifaður á lánstímanum.]

**Tekjuskattur**

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggir á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 20%.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins, auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattsstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess.

Tekjuskattsinneign er metin á reikningsskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

**Varanlegir rekstrarfjármunir**

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftaraðferð, áætlaður nýtingartími og hrakvirði er endurmetið að minnsta kosti árlega. Eignir, þar sem eignarréttur er bundinn öðrum samkvæmt samningi um fjármögnunarleigu, eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma á sama grunni og eignir með fullum eignarrétti. Hagnaður eða tap vegna sölu varanlegra rekstrarfjármuna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi og er fært í rekstrarreikning meðal annarra tekna.

**Birgðir**

Vörubirgðir og aðrar vörur í vinnslu eru metnar á kostnaðarverði/framleiðsluverði eða hreinu söluverði, hvort sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða samanstendur af kostnaði við öflun þeirra ásamt öðrum kostnaði sem fellur til við að koma birgðunum í söluhæft ástand. Framleiðslukostnaður samanstendur af hráefniskostnaði, launakostnaði og óbeinum kostnaði vegna framleiðslunnar. Hreint söluvirði er áætlað söluverð í venjulegum viðskiptum að frádregnum áætluðum sölukostnaði.

**Verðbréf**

Skuldabréf og aðrar langtímakröfur, sem áætlað er að eiga fram á gjalddaga, eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

# Skýringar

Markaðsverðbréf eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og keypt í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum. Markaðsverðbréf eru færð á markaðsverði og færist matsbreyting í rekstrarreikning á því tímabili sem hún fellur til.

Önnur verðbréf eru flokkuð sem fjárfestingarverðbréf. Fjárfestingarverðbréf eru færð á gangvirði sem er markaðsvirði ef það er byggt á áreiðanlegum forsendum, t.d. skráð á opinberu verðbréfaþingi. Matsbreytingar eru færðar í rekstrarreikning á því tímabili þegar þær verða til. Ef ekki er hægt að meta markaðsvirðið með áreiðanlegum hætti eru fjárfestingarverðbréfin færð á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

**Viðskiptakröfur**
Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

**Langtímaskuldir**
Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð til gjalda á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á lántökuári.

**Viðskiptaskuldir**
Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

**Skuldbindingar**
Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

**3. Laun og annar starfsmannakostnaður**

| | 2012 | 2011 |
|---|---|---|
| Laun | 2.258.606.789 | 2.125.109.115 |
| Lífeyrissjóður | 224.001.086 | 210.434.310 |
| Önnur launatengd gjöld | 243.440.060 | 246.113.337 |
| Annar starfsmannakostnaður | 37.964.379 | 60.665.653 |
| | 2.764.012.314 | 2.642.322.415 |
| Meðalfjöldi starfa | 389 | 394 |

Heildarlaun og þóknanir til stjórnar og stjórnenda samstæðunnar á árinu 2012 námu 95,4 milljónum króna en námu 90,9 milljónum króna á árinu 2011.

**4. Fjármunatekjur**

| | 2012 | 2011 |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur af bankareikningum | 12.027.845 | 9.256.559 |
| Vaxtatekjur og verðbætur af skuldabréfaeign | 47.434.929 | 71.929.043 |
| Arður af hlutabréfaeign | 316.576 | 177.658 |
| Verðbreytingar á fjárfestingarverðbréfum | 3.072.660 | 5.166.331 |
| Vaxtatekjur af viðskiptakröfum | 13.096.614 | 21.287.563 |
| Aðrar vaxtatekjur | 43.035.563 | 250.700 |
| | 118.984.187 | 108.067.854 |

**5. Fjármagnsgjöld**

| | 2012 | 2011 |
|---|---|---|
| Vaxtagjöld af skammtímaskuldum við lánastofnanir | (66.353.791) | (62.449.214) |
| Vaxtagjöld og verðbætur af langtímaskuldum | (152.154.440) | (168.124.537) |
| Vaxtagjöld af fjármögnunarleigusamningum | (22.155.211) | (15.616.912) |
| Gengistap | (43.827.466) | (40.420.216) |
| Niðurfærsla hlutabréfa | 0 | (3.527.182) |
| Tap og breyting niðurfærslu vegna fjárfestingarverðbréfa | (716.356) | (5.283.618) |
| Önnur vaxtagjöld | (14.667.629) | (21.134.676) |
| | (299.874.893) | (316.556.355) |

## 6. Tekjuskattur

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn og nemur gjaldfærð fjárhæð í rekstrarreikningi 102,6 milljónum króna. Ekki kemur til greiðslu tekjuskatts á árinu 2013 þar sem samstæðan á yfirfæranlegt skattalegt tap.

Virkur tekjuskattur greinist þannig:

| | 2012 Fjárhæð | % | 2011 Fjárhæð | % |
|---|---|---|---|---|
| Hagnaður fyrir skatta | 544.433.345 | | 294.116.916 | |
| Skatthlutfall | (108.886.669) | 20,0% | (58.823.383) | 20,0% |
| Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga | 3.280.653 | 0,6% | 3.996.910 | 1,4% |
| Aðrir liðir | 2.992.817 | 0,5% | (5.273.288) | (1,8%) |
| Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi | (102.613.199) | (18,8%) | (60.099.760) | (20,4%) |

### 7. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

| | Fasteignir og lóðir | Verksmiðju-vélar og tæki | Bifreiðir og flutningstæki | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| **Kostnaðarverð** | | | | |
| Staða í ársbyrjun | 8.404.477.077 | 7.599.490.398 | 1.117.279.303 | 17.121.246.778 |
| Eignfært á árinu | 40.893.857 | 1.626.465.216 | 133.610.650 | 1.800.969.723 |
| Selt á árinu | (6.373.056) | 0 | (68.006.080) | (74.379.136) |
| Staða í árslok | 8.438.997.878 | 9.225.955.614 | 1.182.883.873 | 18.847.837.365 |
| **Afskriftir** | | | | |
| Staða í ársbyrjun | 4.834.502.123 | 5.378.721.544 | 606.537.506 | 10.819.761.173 |
| Afskrift ársins | 125.337.562 | 300.748.487 | 116.534.166 | 542.620.215 |
| Selt á árinu | (2.593.236) | 0 | (47.292.319) | (49.885.555) |
| Staða í árslok | 4.957.246.449 | 5.679.470.031 | 675.779.353 | 11.312.495.833 |
| **Bókfært verð** | | | | |
| Bókfært verð í ársbyrjun | 3.569.974.954 | 2.220.768.854 | 510.741.797 | 6.301.485.605 |
| Bókfært verð í árslok | 3.481.751.429 | 3.546.485.583 | 507.104.520 | 7.535.341.532 |
| Áætlaðar meðaleftirstöðvar eigna | 28 ár | 15 ár | 4 ár | |

Fasteignamat og vátryggingamat eigna í árslok greinist þannig:

| | Fasteignamat | Vátryggingamat |
|---|---|---|
| Fasteignir og lóðir | 7.483.810.000 | 14.390.068.000 |
| Vélar og tæki, eignatryggingar | | 15.743.391.000 |
| Rekstrarstöðvunartrygging | | 3.892.488.000 |

Samstæðan hefur veðsett fasteignir og lóðir til tryggingar á skuldum við lánastofnanir. Í árslok nemur bókfært verð veðsettra eigna 1.803 milljónum króna og eftirstöðvar áhvílandi lána nema 1.345 milljónum króna.

**8. Eignarhlutar í félögum**

| | Hlutdeild | Nafnverð | Bókfært verð | |
|---|---|---|---|---|
| | | | 31.12.2012 | 31.12.2011 |
| **Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum** | | | | |
| Hollt og gott ehf. | 50,00% | 8.000.000 | 39.779.500 | 37.977.000 |
| | | | 39.779.500 | 37.977.000 |
| **Eignarhlutar í öðrum félögum** | | | | |
| **Sameignarfélög með ótakmarkaða ábyrgð eigenda** | | | | |
| Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði sf. | 90,70% | 0 | 18.194.913 | 23.594.146 |
| **Hlutafélög og einkahlutafélög** | | | | |
| Fóðurblandan hf. | 20,00% | 147.054.000 | 306.178.594 | 306.178.594 |
| Vilko ehf. | 14,83% | 4.894.806 | 5.384.287 | 5.384.287 |
| Ámundakinn ehf. | 2,26% | 2.657.700 | 3.124.640 | 3.124.640 |
| Greið leið ehf. | 0,80% | 600.000 | 600.000 | 600.000 |
| Vottunarstofan Tún ehf. | 5,40% | 500.000 | 500.000 | 500.000 |
| Norðurvegur ehf. | 2,66% | 450.000 | 0 | 0 |
| Matgæði ehf. | 0,04% | 150.000 | 150.000 | 150.000 |
| Selasetur Íslands ehf. | 1,50% | 50.000 | 0 | 0 |
| Matvælageymslan ehf. | 100,00% | 1.500 | 300.000 | 300.000 |
| **Samvinnuhlutabréf** | | | | |
| Sláturfélag Suðurlands svf. B-deild | 1,04% | 2.080.000 | 2.080.000 | 2.080.000 |
| Kaupfélag Árnesinga svf. B-deild | 3,98% | 4.100.000 | 820.000 | 820.000 |
| **Annað** | | | | |
| Stofnsjóður Samvinnutrygginga | Óveruleg | | 45.653 | 45.653 |
| | | | 337.378.086 | 342.777.321 |

### 9. Skuldabréfaeign

| | 31.12.2012 | 31.12.2011 |
|---|---|---|
| Verðtryggð bréf, vegnir vextir: 4,15% | 472.821.649 | 591.910.928 |
| Óverðtryggð bréf, vegnir vextir: 6,8% | 126.078.116 | 94.211.727 |
| | 598.899.765 | 686.122.655 |
| Niðurfærsla vegna skuldabréfaeigna sem kunna að tapast | (47.700.000) | (32.157.860) |
| | 551.199.765 | 653.964.795 |
| Næsta árs afborgun skuldabréfaeignar | (184.181.820) | (146.890.060) |
| | 367.017.945 | 507.074.735 |

### Afborganir skuldabréfaeignar

| | 2012 | 2011 |
|---|---|---|
| Afborganir 2013/2012 | 184.181.820 | 146.890.060 |
| Afborganir 2014/2013 | 128.014.212 | 185.417.485 |
| Afborganir 2015/2014 | 95.872.941 | 104.754.421 |
| Afborganir 2016/2015 | 68.017.842 | 84.173.947 |
| Afborganir 2017/2016 | 45.729.305 | 64.371.619 |
| Afborganir síðar | 29.383.645 | 68.357.263 |
| | 551.199.765 | 653.964.795 |

### 10. Vörubirgðir

| | 31.12.2012 | 31.12.2011 |
|---|---|---|
| Fullunnar vörur | 1.132.521.244 | 1.333.127.329 |
| Hráefni | 182.483.460 | 176.322.522 |
| Umbúðir | 471.266.800 | 483.516.678 |
| Aðrar vörur | 66.529.719 | 76.112.460 |
| | 1.852.801.224 | 2.069.078.990 |
| Tryggingaverðmæti birgða | 3.125.476.000 | 2.881.441.000 |

Á birgðum og viðskiptakröfum hvíla samhliða veð að fjárhæð 1.518 milljónir króna vegna skammtímaskulda við lánastofnanir að fjárhæð 689 milljónir króna og langtímaskulda við lánastofnanir að fjárhæð 237 milljónir króna.

## 11. Aðrar peningalegar eignir

### Viðskiptakröfur

| | 31.12.2012 | 31.12.2011 |
|---|---|---|
| Innlendar viðskiptakröfur | 1.516.517.393 | 1.581.893.375 |
| Erlendar viðskiptakröfur | 106.211.728 | 59.748.090 |
| Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast | (76.625.000) | (68.382.288) |
| | 1.546.104.121 | 1.573.259.177 |

Breytingar á niðurfærslu viðskiptakrafna greinast þannig:

| | 31.12.2012 | 31.12.2011 |
|---|---|---|
| Staða í ársbyrjun | 68.382.288 | 145.393.770 |
| Tapaðar kröfur á árinu 2012/2011 | (40.681.333) | (66.800.500) |
| Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast | 48.924.045 | (10.210.982) |
| Staða í árslok | 76.625.000 | 68.382.288 |

Niðurfærsla hefur verið reiknuð vegna krafna sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára.

### Aðrar skammtímakröfur

| | 31.12.2012 | 31.12.2011 |
|---|---|---|
| Virðisaukaskattur | 211.256.032 | 183.836.009 |
| Fyrirframgreiddur kostnaður | 0 | 3.372.843 |
| Fjármagnstekjuskattur | 8.721.514 | 6.590.299 |
| Óinnheimt vörugjöld | 5.095.326 | 3.584.258 |
| Aðrar kröfur | 211.192 | 874.016 |
| | 225.284.064 | 198.257.425 |

### Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

| | 31.12.2012 | 31.12.2011 |
|---|---|---|
| Bankainnstæður í íslenskum krónum | 510.082.787 | 390.754.020 |
| Bankainnstæður í erlendri mynt | 12.340.323 | 8.043.850 |
| Sjóður | 351.271 | 1.336.282 |
| | 522.774.381 | 400.134.152 |

### 12. Fjárfestingarverðbréf

| | 2012 | 2011 |
|---|---|---|
| Staða í ársbyrjun | 144.016.422 | 259.230.406 |
| Innborgað á árinu | (122.133.510) | (115.096.697) |
| Niðurfærsla verðbréfaeignar | (716.356) | (5.283.618) |
| Verðbreytingar og sölutap | 3.072.660 | 5.166.331 |
| | 24.239.216 | 144.016.422 |
| Yfirfært á fastafjármuni | (21.140.000) | (79.996.158) |
| Staða í árslok | 3.099.216 | 64.020.264 |

**Fjárfestingarverðbréf - fastafjármunir**

| | 31.12.2012 | 31.12.2011 |
|---|---|---|
| Langtímaskuldabréf | 66.223.084 | 66.223.084 |
| Gjaldfallnar veðkröfur | 39.200.000 | 116.500.000 |
| Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast | (84.283.084) | (102.726.926) |
| | 21.140.000 | 79.996.158 |

**Fjárfestingarverðbréf - veltufjármunir**

| | 31.12.2012 | 31.12.2011 |
|---|---|---|
| Hlutabréf og hlutabréfasjóðir | 1.100.839 | 1.255.175 |
| Skuldabréf og skuldabréfasjóðir | 5.615.792 | 66.669.770 |
| Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast | (3.617.415) | (3.904.681) |
| | 3.099.216 | 64.020.264 |

### 13. Eigið fé

| | Stofnsjóður | Lögbundinn varasjóður | Óráðstafað eigið fé | Hlutdeild minnihluta | Samtals eigið fé |
|---|---|---|---|---|---|
| Eigið fé 1.1.2011 | 2.582.687.451 | 168.683.320 | 3.434.714.999 | 221.521.387 | 6.407.607.157 |
| Innborgað hlutafé dótturfélags | | | 28.020.576 | 90.979.424 | 119.000.000 |
| Tillag í stofnsjóð | 32.688.160 | | | | 32.688.160 |
| Útborgun úr stofnsjóði | (159.656.310) | | | | (159.656.310) |
| Inntökugjöld | | | 202.715 | | 202.715 |
| Vextir af stofnsjóði | 67.383.068 | | (67.383.068) | | 0 |
| Tekjuskattsáhrif stofnsjóðsvaxta | | | 13.436.071 | | 13.436.071 |
| Hagnaður ársins | | | 214.122.586 | 19.894.570 | 243.017.156 |
| Tillag í lögbundinn varasjóð | | 24.096.751 | (24.096.751) | | 0 |
| Eigið fé 1.1.2012 | 2.523.102.369 | 192.780.071 | 3.599.017.128 | 332.395.380 | 6.647.294.948 |
| Tillag í stofnsjóð | 33.810.806 | | | | 33.810.806 |
| Útborgun úr stofnsjóði | (180.830.585) | | | | (180.830.585) |
| Inntökugjöld | | | 276.856 | | 276.856 |
| Vextir af stofnsjóði | 161.082.486 | | (161.082.486) | | 0 |
| Tekjuskattsáhrif stofnsjóðsvaxta | | | 32.161.126 | | 32.161.126 |
| Hagnaður ársins | | | 412.854.927 | 28.965.219 | 441.820.146 |
| Tillag í lögbundinn varasjóð | | 40.984.330 | (40.984.330) | | 0 |
| Eigið fé 31.12.2012 | 2.537.165.076 | 233.764.402 | 3.842.243.222 | 361.360.599 | 6.974.533.299 |

**14. Langtímaskuldir**

| | Skuldir við lánastofnanir | | Aðrar langtímaskuldir | |
|---|---|---|---|---|
| | 31.12.2012 | 31.12.2011 | 31.12.2012 | 31.12.2011 |
| Skuldir í EUR | 0 | 0 | 203.325.098 | 210.722.025 |
| Skuldir í SEK | 0 | 0 | 320.812.301 | 346.914.419 |
| Skuldir í ISK, óverðtryggðar | 897.312.504 | 688.333.335 | 0 | 0 |
| Skuldir í ISK, verðtryggðar | 684.455.686 | 890.078.020 | 0 | 0 |
| | 1.581.768.190 | 1.578.411.355 | 524.137.399 | 557.636.444 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | (124.655.292) | (123.614.519) | (134.639.701) | (109.593.473) |
| Langtímaskuldir í árslok | 1.457.112.898 | 1.454.796.836 | 389.497.698 | 448.042.971 |

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

| | Skuldir við lánastofnanir | Aðrar langtímaskuldir |
|---|---|---|
| Næsta árs afborganir | 124.655.292 | 134.639.701 |
| Afborganir 2014 | 125.086.728 | 118.696.148 |
| Afborganir 2015 | 125.539.785 | 118.897.939 |
| Afborganir 2016 | 126.015.547 | 73.225.119 |
| Afborganir 2017 | 126.515.153 | 78.678.492 |
| Afborganir síðar | 953.955.685 | 0 |
| | 1.581.768.190 | 524.137.399 |

Vegnir meðalvextir eru eftirfarandi:

| | 31.12.2012 | 31.12.2011 |
|---|---|---|
| Skuldir við lánastofnanir, óverðtryggðar | 7,97% | 6,70% |
| Skuldir við lánastofnanir, verðtryggðar | 4,73% | 4,91% |
| Aðrar langtímaskuldir, erlendar | 2,78% | 3,26% |

## 15. Fjármögnunarleigusamningar

| | Ógjaldfallnar leigugreiðslur | | Núvirtar eftirstöðvar | |
|---|---|---|---|---|
| | 31.12.2012 | 31.12.2011 | 31.12.2012 | 31.12.2011 |
| Greiðslur á næsta reikningsári | 127.148.381 | 112.016.461 | 107.935.750 | 99.118.515 |
| Greiðslur á öðru reikningsári og síðar | 225.543.328 | 183.609.517 | 202.007.997 | 169.894.379 |
| | 352.691.709 | 295.625.978 | 309.943.747 | 269.012.894 |
| Framtíðarvaxtagjöld | (42.747.962) | (26.613.084) | | |
| Núvirtar eftirstöðvar | 309.943.747 | 269.012.894 | | |

## 16. Lífeyrisskuldbinding

Á félaginu hvílir lífeyrisskuldbinding vegna fyrrverandi starfsmanna félagsins. Miðað við 3,5% vexti er núvirði lífeyrirsskuldbindingarinnar 237 milljónir króna og er hún færð til skuldar í efnahagsreikningi. Lækkun skuldbindingar á árinu, 38 milljónir króna, er færð til lækkunar á gjöldum í rekstrarreikningi meðal launa og tengdra gjalda. Samkvæmt útreikningum á lífeyrisskuldbindingunni ná greiðslur á henni allt til ársins 2030.

## 17. Frestaður skattur

| | Reiknuð skattinneign |
|---|---|
| Staða í ársbyrjun | 165.424.593 |
| Tekjuskattsáhrif stofnsjóðsvaxta og inntökugjalds | 32.161.126 |
| Reiknaður tekjuskattur vegna ársins 2012 | (102.613.196) |
| Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2013 | 0 |
| Staða í árslok | 94.972.523 |

**Frestaður skattur skiptist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:**

| | |
|---|---|
| Varanlegir rekstrarfjármunir | (245.348.658) |
| Fjárfestingarverðbréf | 26.983.368 |
| Birgðir, viðskiptakröfur og skammtímaskuldir | 7.143.714 |
| Lífeyrisskuldbinding | 51.773.990 |
| Áhrif af yfirfæranlegu tapi | 254.420.109 |
| | 94.972.523 |

**Yfirfæranlegt skattalegt tap nýtist til frádráttar skattalegum hagnaði sem hér segir:**

| | |
|---|---|
| Frá hagnaði áranna 2013 - 2018 | 724.052.275 |
| Frá hagnaði áranna 2013 - 2019 | 341.646.619 |
| Frá hagnaði áranna 2013 - 2020 | 147.341.844 |
| Frá hagnaði áranna 2013 - 2022 | 59.059.807 |
| | 1.272.100.545 |

### 18. Aðrar peningalegar skuldir

**Viðskiptaskuldir**

| | 31.12.2012 | 31.12.2011 |
|---|---|---|
| Innlendar viðskiptaskuldir | 485.451.280 | 499.355.887 |
| Erlendar viðskiptaskuldir | 33.102.889 | 58.783.204 |
| Framleiðendur | 627.071.446 | 731.090.242 |
| | 1.145.625.615 | 1.289.229.333 |

**Skuldir við lánastofnanir**

| | 31.12.2012 | 31.12.2011 |
|---|---|---|
| Hlaupareikningslán | 289.048.107 | 460.277.283 |
| Skammtímalán við banka | 400.000.000 | 400.000.000 |
| | 689.048.107 | 860.277.283 |

Vegnir meðalvextir eru eftirfarandi:

| | 31.12.2012 | 31.12.2011 |
|---|---|---|
| Hlaupareikningslán | 8,10% | 6,40% |
| Skammtímalán við banka | 8,10% | 6,40% |

**Næsta árs afborganir langtímaskulda**

| | 31.12.2012 | 31.12.2011 |
|---|---|---|
| Skuldir við lánastofnanir | 124.655.288 | 123.614.519 |
| Aðrar langtímaskuldir | 134.639.705 | 109.593.473 |
| Fjármögnunarleigusamningar | 107.935.750 | 99.118.515 |
| | 367.230.743 | 332.326.507 |

**Skuldir við erlenda birgja**

| | 31/12/2012 | 31/12/2011 |
|---|---|---|
| Bila A/S | 388.368.683 | 0 |
| SPX Flow Technology Crawley Ltd. | 376.781.934 | 0 |
| Aðrar skuldbindingar | 85.945.256 | 0 |
| | 851.095.873 | 0 |

Dótturfélag Auðhumlu hefur gert skuldbindandi samninga við erlenda aðila um kaup á vélbúnaði fyrir vinnslustöðvar félagsins. Skuldbindingar þessar koma til greiðslu á næsta ári og eru reiknaðar upp og færðar í ársreikninginn miðað við gengi í árslok. Fyrir liggur samningur um fjármögnun fjárfestinga hjá viðskiptabanka félagsins.

**Aðrar skammtímaskuldir**

| | 31.12.2012 | 31.12.2011 |
|---|---|---|
| Virðisaukaskattur | 21.676.843 | 16.052.198 |
| Ógreitt áfallið orlof starfsmanna | 190.384.500 | 173.008.903 |
| Fyrirfram innheimtir vextir | 561.403 | 806.242 |
| Ógreidd laun og launatengd gjöld | 145.345.033 | 158.404.196 |
| Ógreiddir áfallnir vextir | 17.194.555 | 13.979.869 |
| Ógreiddur fjármagnstekjuskattur | 32.216.530 | 13.476.640 |
| Aðrar skuldir | 9.135.231 | 33.904.544 |
| | 416.514.095 | 409.632.592 |

## 19. Hreyfingar án greiðsluáhrifa

Dótturfélag Auðhumlu hefur gert skuldbindandi samninga við erlenda aðila um kaup á vélbúnaði fyrir vinnslustöðvar félagsins. Hluti fjárfestinganna, sem er eignfærður meðal varanlegra rekstrarfjármuna og kemur til greiðslu á næsta ári, hefur því ekki áhrif á handbært fé og er því ekki sýndur í sjóðstreyminu. Að auki var eignfærð vél sem seljandi lánaði fyrir til lengri tíma. Sú eignfærsla hefur ekki áhrif á handbært fé og er því ekki sýnd í sjóðstreyminu. Í töflunni hér að neðan sjást hreyfingar án greiðsluáhrifa.

**Hreyfingar án greiðsluáhrifa vegna fjárfestinga í varanlegum rekstrarfjármunum:**

| | |
|---|---|
| Eignfærðir varanlegir rekstrarfjármunir, sbr. skýringu nr. 7 | (1.800.969.723) |
| Seldir varanlegir rekstrarfjármunir | 34.717.331 |
| Skuldir við erlenda birgja, sbr. skýringu nr. 18 | 851.095.873 |
| Langtímaskuld við birgja | 43.657.200 |
| Greitt kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna, sbr. yfirlit um sjóðstreymi | (871.499.319) |

## 20. Ábyrgðir og önnur mál

Á eignum félagsins hvíla þinglýst veð og skuldbindingar til tryggingar skuldum þess sem voru að eftirstöðvum 2.795 milljónir króna í árslok 2012.

## 21. Samþykki ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundi þann 25. mars 2013.

## 22. Sjóðstreymisyfirlit

| | 2012 | 2011 | 2010 | 2009 | 2008 |
|---|---|---|---|---|---|
| Hagnaður (tap) ársins | 441.820.146 | 234.017.156 | 113.948.750 | (492.463.079) | (791.931.174) |
| Afskriftir | 542.620.215 | 495.698.076 | 483.036.303 | 548.353.602 | 666.700.122 |
| Reiknaðir fjármagnsliðir | 59.761.927 | 61.348.426 | 94.078.731 | 92.813.394 | 183.522.089 |
| Aðrar breytingar | 38.313.635 | (19.056.144) | 41.605.715 | (146.454.736) | (133.706.070) |
| **Hreint veltufé frá rekstri (til rekstrar)** | 1.082.515.923 | 772.007.515 | 732.669.499 | 2.249.181 | (75.415.033) |
| Breyting á: | | | | | |
| Rekstrartengdum eignum | 200.750.368 | (163.842.826) | (19.017.958) | (199.124.900) | (287.964.439) |
| Rekstrartengdum skuldum | (147.881.166) | 56.030.703 | (56.473.472) | (31.645.527) | 410.589.175 |
| **Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)** | 1.135.385.123 | 664.195.392 | 657.178.069 | (228.521.246) | 47.209.703 |



AUÐHUMLA